



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótshrepps í Végarði

1. mars 2024 kl. 17:00.

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinnsson, byggingarfulltrúi.

1. Kynntar breytingar á aðalskipulagi Fljótshrepps 2014-2030.

Lögð fram gögn um breytingarnar á aðalskipulaginu sem eru í vinnslu hjá Landmótun og snúast um breytta landnotkun og aðlögun aðalskipulagsins að núverandi ástandi og bregðast við þróun á athafnasemi síðustu ára á eftirtöldum stöðum: Egilsstaðir (ferðamannaþjónusta við Óbyggðasetrið), skilgreining á iðnaðarsvæði við Víðivelli Ytri 2 (úrvinnsla á skógararafurðum) og á Valþjófsstaðamelum (athafnasvæði fyrir atvinnustarfsemi) og einnig afmörkun og skilgreining á íbúðarbyggð í landi Hamborgar. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að setja breytingar á aðalsskipulaginu í tilskilið kynningar- og athugasemdaferli og vísar ákvörðun um það til sveitarstjórnar.

2. Deiliskipulag á lóðum austan Végarðs fyrir atvinnustarfsemi.

Lögð fram gögn um deiliskipulag sem eru í vinnslu hjá Logg ehf. Um er að ræða deiliskipulag á 16 lóðum fyrir atvinnustarfsemi á Valþjófsstaðamelum austan Végarðs. Stærð lóða er frá 855 m² til 2495 m². Aðkoma að svæðinu er frá vegi nr. 933 frá gatnamótum við Végarð austur um Valþjófsstaðanes. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að setja deiliskipulagið í tilskilið kynningar- og athugasemdaferli og vísar ákvörðun um það til sveitarstjórnar.

3. Deiliskipulag í vinnslu í landi Hamborgar.

Kynning á vinnu við deiliskipulag í landi Hamborgar sem Logg ehf er með í vinnslu. Rannveig Þórhallsdóttir er að vinna að fornleifakönnun á skipulagssvæðinu og ekki er vitað hvernig þeirra vinnu miðar. Meðan niðurstaða þeirrar könnunar liggur ekki fyrir getur fyrirkomulag og niðurröðun lóða tekið breytingum. Ekki náðist í Rannveigu til þess að kanna stöðuna.

4. Erindi frá Minjaverði Austurlands.

Lagt fyrir erindi frá Minjaverði Austurlands sem barst í tölvupósti 22. febrúar.

5. Önnur mál.

Vilhjálmur Skúlason sækir um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna gerðar vegslóða á um 150 metra kafla frá núverandi vegi og að efri hluta frístundahúsasvæðisins, sbr. meðfylgjandi afmörkun á teikningu sem byggir á deiliskipulagi svæðisins. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag svæðisins, sem samþykkt var 7. febrúar 2023 af hreppsnefnd Fljótshrepps, og auglýst í B-deild stjórnartíðinda 22. júní 2023. Byggingar- og skipulagsnefnd mælir með því að sveitarstjórn veiti umbeðið framkvæmdaleyfi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:10.

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir

Fundarritari: Sveinn Þórarinnsson